

Bæjarráð FW: Staða persónuverndarmála - upplýsingar til sveitarfélaga október 2017

Til : Hjördís Práinsdóttir
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir
CC : Gísli Halldór Halldórsson
Heiti : Bæjarráð FW: Staða persónuverndarmála - upplýsingar til sveitarfélaga október 2017
Málsnúmer : 2017050126
Málsaðili : Ísafjarðarbær - bæjarritari
Skráð dags : 12.10.2017 10:35:22
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

Viðhengi [image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

From: Telma Halldórsdóttir [mailto:telma.halldorsdottir@samband.is]
Sent: 12. október 2017 10:32
To: [...]
Cc: Guðjón Bragason ; Tryggvi Þórhallsson
Subject: Staða persónuverndarmála - upplýsingar til sveitarfélaga október 2017

Staða persónuverndarmála - upplýsingar til sveitarfélaga október 2018

Sambandið vísar til fyrri tölvupósta vegna væntanlegra nýrra laga um persónuvernd. Sambandið heldur áfram að vinna að undirbúningi málsins til að aðstoða sveitarfélögin, en næstu skref eru:

1. Sambandið vinnur nú að nýrri útgáfu af leiðbeiningum vegna innleiðingar á nýrri persónuverndarlöggjöf sem stefnt er að tiki gildi á árinu 2018. Verður í nýrri útgáfu tekið mið af ábendingum Persónuverndar við frumútgáfu auk þess sem reynt er að bregðast við spurningum sem hafa borist og dýpka upplýsingar og gera praktískari. Verður ný útgáfa birt í næstu viku.
2. Sambandið á fund með Persónuvernd 19. október þar sem ræða á m.a. hvaða skjöl Persónuvernd mælir með að verði útbúin og stöðluð fyrir sveitarfélög sem hluti af innleiðingaverli.
3. Þá hefur sambandið skrifað undir samning við Marínó G. Njálsson um verkefnið “öryggishandbók og öryggisráðstafanir grunnskólanna. En verkefnið er unnið á styrk frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Meginmarkmið verkefnisins er tvíþætt: annars vegar, að ljúka vinnu við að bregðast við álitum Persónuverndar í svokolluðu „Mentor máli“ og hins vegar, að undirbúa grunnskóla fyrir innleiðingu á nýjum lögum um persónuvernd. Er Marínó falið að gera öryggisstefnu, öryggishandbók og framkvæma áhættumat eða ráðleggja hvernig það skuli framkvæmt fyrir grunnskólana. Von Sambandsins er að sú vinna sem þar verður unnin geti nýst sem grunnur á öðrum sviðum í þjónustu sveitarfélaga þar sem farið er með viðkvæmar persónuupplýsingar eins og hjá leikskólum og við félagsþjónustu.
4. Sambandið mun standa fyrir málþingi ásamt Persónuvernd sem verður aðlöguð að þörfum sveitarfélaga. Ekki er komin dagsetning á hana þar sem enn hefur ekki verið kynnt frumvarp um ný lög, en ekki er talið tímabært að standa fyrir námskeiði fyrr en frumvarp verður kynnt og meiri víska er um framhald málsins.
5. Að málþingi loknu mun sambandið skoða hvort ástæða sé til að halda frekari kynningar fyrir sveitarstjórnir.

Bestu kveðjur,
F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

Telma



Telma Halldórsdóttir

lögfræðingur

Beint innval: 515 4916

Netfang: telma.halldorsdottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.